

323. fundur Skólanefndar FS

9. október 2013



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Arnór Svansson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Sjálfsmatskýrsla.
 2. Skólafundur.
 3. Fjárhagsstaða.
 4. Önnur mál.

1. Sjálfsmatskýrsla.

Skólameistari dreifði sjálfsmatskýrslu skólans fyrir skólaárið 2012-2013. Þar eru upplýsingar um starfsemi skólans og nýbreytni og yfirlit yfir starf matsnefndar á skólaárinu. Þá er sagt frá áherslum í skólasamningi og hvort markmið hafa náðst. Sjálfsmatskýrslan verður aðgengileg á heimasíðu skólans.

2. Skólafundur.

Skólameistari sagði frá skólafundi þar sem sex skólameistarar ræddu við starfsmenn menntamálaráðuneytis. Þar var rætt um áherslur í starfi framhaldsskólanna ásamt fleiru.

3. Fjárhagsstaða.

Skólameistari kynnti fjárveitingar til skólans samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014. Stefnt var að því að fjárhagsstaða skólans yrði í jafnvægi fyrir þetta ár en útlit er fyrir að niðurstaðan verði um 2 milljónir króna í mínus. Þó hefur nær enginn búnaður verið keyptur þetta ár en nær öll útgjöld eru vegna launa og daglegs reksturs. Því er ljóst að skera þarf niður kennslu á næstu önn. Skólameistari lagði til að skólasjóður styrki tölvukaup um 2 milljónir króna; samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

a) Formaður sagði frá erindi formanns skólanefndar Menntaskólans á Akureyri um samstarf skólanefnda framhaldsskólanna. Lagt hefur verið til að skólanefndir fari þess á leit við menntamálaráðherra að fjárveitingar til framhaldsskólanna verði endurskoðaðar. Sérstaklega er þar rætt um að laun starfsmanna skólanna verði metin að raunvirði þegar fjárveitingar til skólanna eru ákvarðaðar. Búið er að skrifa bréf sem senda á ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis. Skólanefnd felur formanni að svara erindinu og undirrita bréfið fyrir hönd nefndarinnar.

Handwritten signature

Handwritten signature


Handwritten signature

Handwritten signatures: GW, JB, KASm, 914

b) Rætt um starfsemi nemendafélagsins, m.a. um móttöku nýnema, söngleik og fótboldamót.

c) Skólinn er búinn að fá viðurkenningu fyrir annan starfsárið í verkefnum Heilsuefandi framhaldsskóli.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Böðvar Jónsson




Guðbjörg Kristmundsdóttir



Pétur Brynjarsson



Gunnar Valdimarsson



Arnór Svansson



Sveinbjörg Sigurðardóttir



Kristján Ásmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari